



Fundargerð

338. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps
miðvikudaginn 16. maí 2012, kl. 20:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Sveinn Ragnarsson og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka þrjú mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 337. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps 12. apríl 2012.

Farið yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- og bygginganefnd 7. maí 2012.

Formaður fór yfir fundargerðina.

Liður 1 - 1106002 Breyting á Aðalskipulagi 2006 – 2018 vegna deiliskipulags á Þórisstöðum. Samþykkt samhljóða.

Liður 2 – 1004004 Deiliskipulag smábátahafnar við Innstapoll í Flatey. Samþykkt samhljóða

Liður 3 – 1205001 Skálmarnesmúli 137676, stofnun nýrrar fasteignar. Samþykkt samhljóða.

Liður 4 – 1202021 Kötluland139665 stofnun lóðar Kötluland/Fjánhús samþykkt samhljóða.

Liður 5 – 1205002 Karlsey verksmiðjuh 139663, girðing lóðar. Samþykkt samhljóða.

Liður 6 – 1205003 Sjávarslóð 175442, umsókn um stöðuleyfi. Samþykkt samhljóða.

Liður 7 – 1205004 Hofstaðir 13592, umsókn um byggingaleyfi. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Erindi frá Áhugamannafélagi um bátasafn á Breiðafirði, mál 1205019 stöðuleyfi á vinnubúðaeiningu, dagsett 12. apríl 2012.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 4 atkv. gegn 1 atkv(ÁSK).

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 2. og 24. apríl 2012.

Farið yfir fundargerðir. Fundargerðir samþykktar.

Minnispunktur af íbúafundi 3. maí 2012 lagðir fram. Umhverfisdagurinn var haldinn 5. maí og er íbúum Reykólahrepps þökkun þátttaka.

4. Fjallskilanefnd 2. maí 2012.

Fundargerð lögð fram á fundinum.

Farið yfir fundargerð. Fundargerð samþykkt samhljóða.

5. **11. fundur Velferðarnefndar 4. apríl 2012**, ásamt Jafnréttisáætlun Stranda og Reykhólahrepps og reglum Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps um sérstakar húsaleigubætur.

Farið yfir fundargerð ásamt jafnréttisáætlun og reglum um sérstakar húsaleigubætur. Fundargerð samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

1. **1203042 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2011.**

1. Fyrri umræða. Ársreikningur lagður fram á fundinum.
Ársreikningur lagður fram til fyrri umræðu. Fundarmenn skili inn skriflegum athugasemdum til skrifstofu á milli umræðna.. Ársreikningi vísað til seinni umræðu miðvikudaginn 23. maí 2012 kl 20.00.
2. Rafræn skil til annarra opinberra aðila. Erindi frá Innarníkisráðuneytinu dagsett 20. apríl 2012.

Lagt fram.

2. **1205006- Íbúaskrá 1. desember 2011.**

Erindi frá Þjóðskrá dagsett 3. apríl 2012, ásamt íbúaskrá til yfirferðar.

Gerðar eru fjórar athugasemdir við íbúaskrá. Sveitarstjóra falið að koma þeim á framfæri. Íbúaskráin annars samþykkt. Samþykkt samhljóða.

3. **1205007 – Samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps.**

Erindi frá oddvita dagsett 4. maí 2012, varðandi endurskoðun á samþykktum um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps vegna tilkomu nýrra sveitarstjórnarlaga 138/2011.

Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að fara yfir samþykktina og gera drög að breytingum. Samþykkt samhljóða.

4. **1204004 Húsnæðis- og fasteignamál.**

1. Sala fasteigna Reykhólahrepps.

Sveitarstjóri lagði fram verðmat á húseignum í eigu sveitarfélagsins, Hellisbraut 38 a og b, Hólatröð 1 og 3 og Maríutröð 5a sem gert var af fasteignasölnunni Þingholti í maí. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að athuga möguleika á sölu eignanna.

2. Áskorun frá Eyvindi Magnússyni dagsett í mars 2012.

Sveitarstjórn þakkar áhugann á málefnum sveitarfélagsins, og snjallar ábendingar um mögulegar lausnir.

3. Kaup á Kötlulandi. Erindi frá Steinari Pálmasyni dagsett 27. apríl 2012.

Kötluland og Reykhólaland, mynda saman heild um þéttbýli sveitarfélagsins, sveitarstjórn ráðgerir ekki að selja jarðirnar eða hluta úr þeim og er erindinu því hafnað. Samþykkt samhljóða.

4. Ósk um leigu á nytjarétti Kötlulands, erindi frá Sigmundi Magnússyni og Guðmundi Sigvaldasyni dagsett 16. apríl 2012.

Erindinu hafnað. Sveitarstjórn hefur ákveðið að leigja ekki út nytjarétt Kötlulands í ár. Samþykkt samhljóða.

5. 1205009 –Sala erfðafestulanda til Tómasar Sigurgeirssonar.

Erindi frá Sjóvarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 18. apríl 2012, ósk um umsögn sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við sölu á erfðafestulöndum, Garðshorni, Sæmundartúni og Ástúni til Tómasar Sigurgeirssonar. Samþykkt samhljóða.

6. 1205010 – Hænsnakofi við Barmahlíð.

Erindi frá Vínafélagi Barmahlíðar dagsett 11. apríl 2012. Ósk um stuðning við verkefnið.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið, sveitarstjóra falið að ræða málin við formann Vínafélags Barmahlíðar.

7. 1205014 - Slökkvistöð í Kvígindisfirði.

Ósk um samstarf við sveitafélagið um uppbyggingu á slökkvistöð í Kvígindisfirði fyrir Múlasveit, frá eigendum Kvígindisfjarðar dagsett 28. apríl 2012.

Erindinu vísað til brunamála- og almannavarnanefndar. Samþykkt samhljóða.

8. 1205013 - Verslun (Kaupfélagið) í Króksfjarðarnesi, menningarstarfsemi.

Ósk um stuðning við rekstur húsnæðis verslunar í Króksfjarðarnesi, vegna þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Erindi frá Gylfa Helgasynir móttekið 7. maí 2012.

Sveitarstjórn samþykkir að veita krónur 50.000 í styrk vegna reksturs húsnæðis verslunar í Króksfjarðarnesi undir menningarstarfsemi.

9. 1205008 - Umsögn um aðgengiskafli vefhandbókar og viðmið WCAG 2.0 AA um aðgengi að opinberum vefjum.

Erindi frá Innanríkisráðuneytinu dagsett 18. apríl 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

10. 1205011 - Umsögn um þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dagsett 25. apríl 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

11. 1204002 - Sjávarsmiðjan styrkbeiðni.

Þakkarbréf frá Sjávarsmiðjunni móttekið í apríl 2012.

Kynnt.

12. 1205015 - Vestfjarðarvegur 60, bréf.

Afrit af bréfi Breiðafjarðarfléttunnar til Vegagerðarinnar 15. mars 2012.

Kynnt.

13. 1205016 - Ársskýrsla Umhverfisstofnunar 2011.

Kynnt.

14. 1205017 - Fundargerð 796. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27. apríl 2012.

Kynnt.

15. 1205018 - 124. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

16. 1205021 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 16. maí 2012.

Liður 2 – Ráðning skólastjóra, samþykkt með 4 atkvæðum. ÁSK situr hjá.

Liður 6 – Skólaakstur skólaárið 2012 - 2013, samþykkt samhljóða.

Liður 7 – Nefndarmenn í mennta- og menningarmálanefnd. Sandra Rún Björnsdóttir og Erla Ebba Gunnarsdóttir skipaðar fyrsti og annar varamaður í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps.

Fundargerðin að öðru leiti samþykkt í heild sinni.

17. 1205020 – Samningar um minka- og refaveiði, taxti.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að vísitöluhækkun á taxa í minka- og refaveiði-samningum við veiðimenn í sveitarfélaginu. Tillagan samþykkt samhljóða.

18. 1205022 – Umsókn um byggingalóð.

Erindi frá Island, hvar er þín fornaldar frægð ehf. dagsett 16. maí 2012, umsókn um byggingalóð á reit V3 í Aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn vísar umsókninni til skipulags- og bygginganefndar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 23:45
